



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsögðu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2024
Tilvísun: 2404050/0.7.6

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 25. mars 2024, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi stofnuninni til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál.

Langhelgisgæsla Íslands vísar til fyrri umsagna um drög að frumvörpum sambærilegs efnis sem náðu ekki fram að ganga á 151. löggjafarþingi og 153. löggjafarþingi, nánar tiltekið umsagnir stofnunarinnar dags. 9. mars 2021 og 6. mars 2023.

Landhelgisgæsla Íslands fagnar því að tekið hefur verið tillit til athugasemda stofnunarinnar í fyrri umsögnum og telur breytingatillögurnar, þá sérstaklega er varða rafræna vöktun á hafnarsvæði og heimild til að miðla upplýsingum rafrænt til vaktstöðvar siglinga, lögreglu, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, tollgæslu Skattsins og rannsóknarnefndar samgönguslysa í tengslum við lögbundin verkefni þeirra, vera til bóta.

Landhelgisgæsla Íslands gerir þó eftirfarandi athugasemd við frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.):

Um 7. gr. Aðgangsbann (21. gr. a.)


Samkvæmt greininni mælir Samgöngustofa fyrir um aðgangsbann skipa að höfnum við ákveðnar aðstæður.

Landhelgisgæslan leggur til að bætt sé við þessa grein að upplýsa beri hafnaryfirvöld og Landhelgisgæslu Íslands um það þegar mælt hefur verið fyrir um aðgangsbann tiltekins skips eða skipa að höfnum þar sem mikilvægt er að hafnaryfirvöld og viðbragðsaðilar líkt og Landhelgisgæsla Íslands séu upplýst um aðgangsbann skipa að höfnum.

Frumvarpsdrögin fela í sér jákvæðar breytingartillögur að mati Landhelgisgæslu Íslands en þó telur stofnunin til bóta að framangreindar breytingar verði gerðar á 7. gr. frumvarpsdraganna áður en frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.) er samþykkt.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund innviðaráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigríður Skafthadóttir
Lögfræðingur



